

Rýnisferð 2023 - Lissabon 22.- 29. september

RÝNISFERÐIR fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga sem hófust árið 1998 á vegum Tæknifræðingafélags Íslands hafa frá upphafi notið mikilla vinsælda. Nú er stefnt á 23. ferðina, að þessu sinni er ferðinni heitið til Lissabon í Portúgal dagana 22. – 29. september. Sambærileg ferð hafði verið skipulögð í maí 2020 en féll niður vegna Covid faraldursins. Ferðin er opin öllum félagsmönnum VFÍ ásamt maka eða öðrum ferðafélaga.

Ferðatilhögun:

Flogið verður í beinu flugi með Play frá Keflavík til Lissabon föstudaginn 22. september kl. 15:10. Landing kl 20:45. Flugtími eru tæpar fjórar klukkustundir. Heimferð er föstudaginn 29. september, beint flug með Play kl 21:45 – lent í Keflavík kl 01:30. Auk almennra skoðunarferða um Lissabon og nágrenni fyrir allan hópinn verður farið í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir á svæðinu og utan borgarinnar. Dagskráin er skipulögð í samstarfi við Portúgalska verkfræðinga - og tæknifræðingafélagið og ferðaskrifstofuna Úrval - Útsýn.

Borgin Lissabon (Lisboa)

Lissabon er höfuðborg og jafnframt stærsta borg Portúgals. Borgin á sér mikla sögu og menningu og er einstaklega falleg. Hún er mjög hæðótt þar sem hún byggðist upprunalega á sjö hæðum og smám saman fyllti byggðin út allt svæðið milli hæðanna. Margir telja hana eina af fallegustu borgum Evrópu en hún er oft kölluð San Francisco Evrópu. Gömul og falleg hverfi setja sinn svip á borgina ásamt fallegum, gömlum byggingum og styttum.

Gisting:

Gist verður á hótél SANA Metropolitan. Þetta er nútímalegt hótél í 13 mínútna göngufjarlægð frá næstu neðanjarðarlestarstöð, í 15 mínútna göngufjarlægð frá Museu Calouste Gulbenkian og 7 km frá São Jorge kastalanum. Um hálf tíma ganga er að Marques de Bombal torginu. Notaleg herbergin eru með Wi-Fi, flatskjásjónvarpi, ísskápi, skrifborði og öryggishólfi. Herbergisþjónusta er í boði allan sólarhringinn.

Hlýlegur veitingastaður er á hótelinu, flott kaffihús/bar og líkamsræktarherbergi.



[SANA Metropolitan Hotel | Reserve já o seu quarto em Lisboa \(sanahotels.com\)](https://sanahotels.com)

Kostnaður:

Kostnaður við ferðina er áætlaður um 290 þúsund krónur á mann í tveggja manna herbergi og um 380 þúsund krónur í eins manns herbergi.

Innifalið: Flug, hótélgisting með morgunmat, rúta til og frá flugvelli, sameiginlegur kvöldverður, tveir hádegisverðir, allar skoðunarferðir o.fl.

Nánari dagskrá ferðar verður send út í byrjun janúar n.k.

Vakin er athygli á því að þeir félagsmenn VFÍ sem eru sjóðsfélagar í starfsmenntunarsjóðum félagsins geta sótt um styrk til ferðarinnar.

Skráningar

Tekið verður við skráningum **frá og með þriðjudeginum 17. janúar kl. 9:00 á netfangið: skrifstofa@verktaekni.is**. Skráningar fyrir þann tíma eru ekki teknar gildar.

Hámarksfjöldi þátttakenda er 120 manns.

Við röðun skráningar gildir fyrstur skráir, fyrstur fær. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram við skráningu: Nafn þátttakanda – Kennitala – Netfang – Símanúmer.

26. janúar verður send út beiðni um greiðslu staðfestingargjalds kr. 50.000 á farþega.

Greiða skal gjaldið fyrir 5. febrúar 2023.

Staðfestingargjald er ekki endurgreitt nema takist að selja sæti þeirra sem forfallast.

Fararstjórn: Jóhannes Benediktsson, Hreinn Ólafsson, Eva Yngvadóttir.

